



Alþýðusamband Íslands

Það er til mikils að vinna

7.mars 2012

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu atvinnumála. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru 11.452 án atvinnu í janúar og horfur í efnahags- og atvinnumálum er ekki góðar. Útlit er fyrir litlar fjárfestingar og takmarkaðan hagvöxt næstu árin sem ekki dugar til að vinna bug á því mikla atvinnuleysi sem við búum við, hvað þá að skapa störf fyrir þá sem hafa flutt af landi brott. Þá eru vaxandi líkur á því að fyrirtæki leggi aukna áherslu á hagræðingu og fækkun starfsmanna til að mæta erfiðri stöðu.

Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld bregðist við þessari stöðu með öllum tiltækum ráðum. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri sem landsmenn búa að í formi vatnsorku og jarðhita til að byggja upp fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf með aukna áherslu á „græn störf“. Slíkt ber að gera með sjálfbærum hætti í samræmi við niðurstöður verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.

ASÍ styður þau drög að þingsályktun um rammaáætlun sem kynnt voru sl. haust, enda byggðu þau á margra ára faglegri vinnu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar. Óhófleg töf hefur orðið á afgreiðslu málsins, þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi í yfirlýsingu frá því í maí 2011 heitið því að hún yrði afgreidd á haustþingi 2011. Niðurstöður verkefnisstjórnar lágu fyrir 6. júní 2011, drög að þingsályktun sem byggði á faglegri vinnu verkefnisstjórnarinnar lá fyrir 19. ágúst 2011 og umsagnarferli um drögin lauk 11. nóvember 2011. Síðan hefur ekkert gerst og er málið í sjálfheldu vegna togstreitu á milli stjórnarflokkanna. Þetta eru með öllu óásættanleg vinnubrögð.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að þingsályktun um rammaáætlun sem byggir á faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnarinnar verði þegar lögð fyrir Alþingi. Miðstjórnin hvetur Alþingi til að afgreiða rammaáætlunina svo fljótt sem kostur er. Þannig geta stjórnvöld lagt orkufyrirtækjunum nauðsynlegan grundvöll fyrir sínum fjárfestingaráformum og skapað

raunhæfar forsendur fyrir fjölgun starfa, auknum tekjum og auknu innstreymi gjaldeyris. **Það er til mikils að vinna!**